

Fundargerð 331. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg og í beinu streymi
Fundardagur: Þriðjudagur 2. desember 2025
Fundartími: 17:00-18:00
Fundarmenn: Árni Eiríksson, oddviti
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
Sigrún Hrefna Arnardóttir
Harpa Magnúsdóttir
Hjalti Guðmundsson

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Lagt var til að fresta síðari umræðu vegna samþykktá héraðsskjalasafns, listasafns og byggðasafns og var það samþykkt samhljóða. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 314, dags. 21.11.2025:

a) Hnaus 2 L192333; Mosató 7 L232388 og 8 L232389; Rekstarleyfi í flokki II;

Aðalskipulagsbreyting – 2511033

Lögð er fram umsókn sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Svæðið sem breytingin nær til er Mosató 7 L232388 og Mosató 8 L232389. Í breytingunni felst að lóðunum er breytt úr frístundabyggð yfir í verslunar- og þjónustusvæði.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að framlögð tillaga að breytingu á skilgreindri landnotkun Mosató 7 L232388 og Mosató 8 L232389 úr frístundabyggð yfir í verslunar- og þjónustusvæði, verði vísað í endurskoðun aðalskipulags Flóahrepps sem nú stendur yfir.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að vísa framlagðri tillögu að breytingu á skilgreindri landnotkun Mosató 7 L232388 og Mosató 8 L232389 úr frístundabyggð yfir í verslunar- og þjónustusvæði til endurskoðunar aðalskipulags sem nú stendur yfir.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Eystri-Ás L233719 og Ytri-Ás L238816; Heimild fyrir undirbúningsvinnu;

Fyrirspurn – 2511021

Lögð er fram fyrirspurn er varðar Eystri-Ás L233719 og Ytri-Ás L238816 í Flóahreppi. Óskað er eftir leyfi til þess að hefja deiliskipulagsferli fyrir Eystri-Ás og Ytri-Ás en áætlað er að fara í sameiginlega deiliskipulagshönnun fyrir löndin tvö. Gert er ráð fyrir byggingarreit fyrir íbúðarhús, hesthús og skemmu á hvoru landi fyrir sig. *Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að taka jákvætt í erindið.*

Sveitarstjórn Flóahrepps tekur jákvætt í fyrirspurn er varðar Eystri-Ás L233719 og Ytri-Ás L238816 í Flóahreppi en í fyrirspurninni er óskað eftir leyfi til þess að hefja deiliskipulagsferli en áætlað er að fara í sameiginlega deiliskipulagshönnun fyrir löndin tvö. Gert er ráð fyrir byggingarreit fyrir íbúðarhús, hesthús og skemmu á hvoru landi fyrir sig.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

2. Afgreiðslur byggingarfulltrúa nr. 238, dags. 19.11.2025

Lagðar fram til kynningar.

3. Breytingar á stofnsamningi Skóla- og velferðarþjónustubjónustu Árnesþings bs. – Seinni umræða

Fyrir liggja breytingar á stofnsamningi Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. til síðari umræðu. Fyrri umræða fór fram á sveitarstjórnarfundi þann 4. nóvember 2025.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir samhljóða breytingar á stofnsamningi Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

4. Frá Bergrisanum bs. – Fullnaðarafgreiðsluheimildir fyrir Bergrisann

Fyrir liggur tölvupóstur frá skrifstofustjóra Bergrisans bs. er varðar

fullnaðarafgreiðsluheimildir fyrir Bergrisann. Í erindi frá Bergrisanum bs. dags. 21.05.2025

var óskað eftir því að aðildarsveitarfélög myndu yfirfara samþykktir m.t.t. heimilda Bergrisans til fullnaðarafgreiðslu mála. Ljóst er að ekki er skylda að kveða á um valdframsal til byggðasamlaga í samþykktum sveitarfélaga.

Sveitarstjórn Flóahrepps hyggst ekki uppfæra samþykktir um stjórn sveitarfélagsins Flóahrepps vegna Bergrisans bs. að svo komnu máli.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

5. Umsagnarbeiðni vegna Gistileyfis í flokki II – Villingaholt 2

Lögð fram umsagnarbeiðni frá fulltrúa sýslumanns vegna gistileyfis í flokki II – C minna gistiheimili. Rýmisnúmer 040101, frá Ársæli Hafsteinssyni fyrir hönd Forsætisbýlisins ehf. kt. 440505-7040 í Villingaholti 2, Flóahreppi. Hámarksgestafjöldi verði 8.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við að veitt verði gistileyfi í flokki II – C minna gistiheimili í Villingaholti 2 F2201610.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. Viðauki VII við fjárhagsáætlun 2025

Fyrir liggur viðauki VII við fjárhagsáætlun 2025. Á árinu 2021 var gerð breyting á reglugerð 1212/2015, þar sem sveitarfélögum var gert að færa inn í samantekin reikningsskil sín byggðasamlög, sameignarfélög, sameignarfyrirtæki og önnur félagaform með ótakmarkaðri ábyrgð miðað við hlutfallslega ábyrgð sveitarfélags, sjá 3. mgr. 20. gr. reglugerðarinnar.

Við vinnu og frágang ársreiknings 2024 var mælt með því að sveitarstjórn skoðaði hvort ástæða væri til að taka inn áhrif allra þessara verkefna í reikningsskil sveitarfélagsins.

Endurskoðendur sveitarfélagsins hafa skoðað áhrif þessara verkefna í reikningsskilum Flóahrepps hafa metið sem svo að undanskilja mætti verkefni sem hafa óveruleg áhrif og eru undir 1% af tekjum, eignum og skuldum.

Samstarfsverkefni sem eru undir þessu viðmiði eru:

Byggðasafn Árnesinga

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Héraðsskjalasafn Árnesinga

Listasafn Árnesinga

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagðan viðauka við fjárhagsáætlun 2025 vegna breytinga á samstarfsverkefnum sem hafa óveruleg áhrif á reikningsskil sveitarfélagsins, eru undir 1% af tekjum, eignum og skuldum og þau því tekin út úr fjárhagsáætlun og reikningsskilum 2025. Viðauka verði mætt með lækkun á handbæru fé.

Samþykkt með ? atkvæðum.

7. Styrkbeiðnir til sveitarstjórnar fyrir árið 2026

Fyrir liggja styrkbeiðnir til sveitarstjórnar vegna ársins 2026 sem sveitarstjórn fjallaði um á vinnufundum vegna fjárhagsáætlunar 2026.

Sveitarstjórn samþykkir að veita eftirandi styrki á árinu 2026 skv. erindum þess efnis:

- a) Reiðveganefnd Sleipnis 1.500.000 kr
- b) Stígamót 100.000 kr
- c) Réttir landsins – Bókaúgáfa 75.000 kr
- d) Framlag til björgunarsveita 100.000 kr
- e) Félag fósturforeldra 25.000 kr
- f) ADHD samtökin 25.000 kr

Áður hafði sveitarstjórn samþykkt styrk til Sigurhæða að upphæð 356.150 kr. Einnig er gert er ráð fyrir tilfallandi styrkjum í fjárhagsáætlun komandi árs.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

8. Gjaldskrár og álagningarforsendur 2026

a) Útvarsprósenta fyrir árið 2026

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að útvarsprósenta fyrir árið 2026 verði 14,97%

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Álagningarprósenta fasteignaskatts 2026

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir eftirfarandi álagningarprósentu fasteignaskatts 2026:

A-Flokkur 0,40% af fasteignamati

B-Flokkur 1,32% af fasteignamati

C-Flokkur 1,56% af fasteignamati

Gjalddagareglur fasteignagjalda verða óbreyttar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Vatnsgjald 2026

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi gjaldskrá vegna vatnsveitu og að vatnsgjald verði eftirfarandi:

A flokkur fyrir utan frístundahús 0,2% af fasteignamati að lágmarki 26.820 kr og að hámarki 52.829 kr.

Frístundahús bera fast gjald að upphæð 44.700 kr.

Vatnstæki í beitarhólfum og óbyggðarlóðir tengdar vatni bera fast gjald að upphæð 26.820 kr.

C flokkur og útihús 0,3% af fasteignamati að hámarki 543.375 kr.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) Gjald fyrir seyrulosun

Sveitarstjórn samþykkir að árlegt gjald fyrir seyrulosun verði eftirfarandi á árinu 2026:

Frístundahús, hreinsun á 5 ára fresti 16.117 kr. á ári

Íbúðarhús, hreinsun á 3 ára fresti 20.000 kr. á ári

Samþykkt með 5 atkvæðum.

e) Gjaldskrá vegna meðhöndlunar úrgangs í Flóahreppi

Sveitarstjórn samþykkir að gjaldskrá vegna meðhöndlunar úrgangs verði óbreytt frá fyrra ári.

Sveitarstjórn samþykkir að allir fasteignagreiðendur sem greiða sorpeyðingargjald fái áfram inneignarkort á söfnunarstöð í Hrísmýri á Selfossi. Magn innifalið er 500 kg á árinu 2026. Aðrar upplýsingar um meðhöndlun úrgangs eru skv. framlagðri gjaldskrá.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

f) Gjaldskrá fyrir akstur aldraðra og fatlaðs fólks

Sveitarstjórn samþykkir að gjald fyrir akstur aldraðra og fatlaðs fólks hækki um 3,5% frá 1. janúar 2026.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

g) Gjaldskrá fyrir mat og heimsendingu á mat

Sveitarstjórn samþykkir að gjald fyrir mat fyrir ellilífeyrisþega og öryrkja hækki um 3,5% frá 1. janúar 2026. Áfram verða gjaldfrjálsar skólamáltíðir í Flóaskóla á árinu 2026.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

h) Gjaldskrá fyrir leikskólann Krakkaborg

Sveitarstjórn samþykkir að gjaldskrá fyrir leikskólann Krakkaborg hækki um 3,5% frá 1. janúar 2026.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

i) Gjaldskrá fyrir skólavistun við Flóaskóla

Sveitarstjórn samþykkir að gjaldskrá fyrir skólavistun við Flóaskóla hækki um 3,5% frá 1. janúar 2026.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

j) Gjaldskrá og reglur fyrir Þingborg og Félagslund

Sveitarstjórn samþykkir eftirfarandi gjaldskrá fyrir félagsheimilin Þingborg og Félagslund 2026:

Svefnpokapláss grunnskólar	1350 pr. nótt
Svefnpokapláss	3800 pr. nótt
Íþróttir fastir tímar (yfir amk 12 vikna óslitið tímabil)	4400 kr. klst.
Íþróttir stakir tímar (ekki reglubundnir tímar)	6600 kr. klst.
Barnaafmæli án uppröðunar	6600 kr. klst.
Litlir fundir í anddyri án eldhúss	11.000 kr
Veislur í litla sal, aðgangur að eldhúsi (t.d. skírn). Dagsleiga	33.500 kr
Veislur í litla sal, aðgangur að eldhúsi (t.d afmæli, útskrift). Kvöldleiga	51.500 kr
Hópar frá 17:00-24:00 (t.d starfsmannaferðir). Allt húsið.	69.000 kr
Fundir litli salur (með eða án skjávarpa og hljóðnema)	33.500 kr
Fundir stóri salur (með eða án skjávarpa og hljóðnema)	69.000 kr
Fermingarveislur	80.000 kr
Veisla stóri salur t.d afmæli/útskrift. Dagsleiga	80.000 kr
Veisla stóri salur t.d afmæli/útskrift. Kvöldleiga	116.000 kr
Brúðkaup dagsleiga	80.000 kr
Brúðkaup helgarleiga. Tjaldsvæði innifalið í verði.	187.500 kr
Ættarmót dagsleiga	80.000 kr
Ættarmót helgarleiga Tjaldsvæði innifalið í verði.	187.500 kr
Erfidrykkja	80.000 kr
Menningarviðburður 1 (smærri viðburðir, sjálfboðavinna án aðgangseyris)	Samningsatriði
Menningarviðburður 2 (stærri viðburðir, seldur aðgangseyrir t.d tónleikar)	115.500 kr
Þorrlót eða sambærilegir viðburðir (aðgangseyrir)	1000 pr/miði
Leiga á samkomutjaldi frá Flóahreppi (uppsetning ekki innifalin)	69.000 kr.

Samþykkt með 5 atkvæðum

k) Gjaldskrá Flóaljóss

Sveitarstjórn samþykkir framlagða gjaldskrá vegna Flóaljóss fyrir árið 2026.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Aðrar gjaldskrár eru óbreyttar

9. Fjárhagsáætlun Flóahrepps 2026-2029 – Seinni umræða

Fyrir liggur fjárhagsáætlun fyrir rekstrarárin 2026-2029 ásamt greinargerð frá sveitarstjóra. Helstu niðurstöður fyrir árið 2026 eru eftirfarandi:

- Útsvarsprósenta óbreytt eða 14,97%
- Álagning fasteignagjalda í A flokki **lækkar** úr 0,45% í 0,40%
- Álagning fasteignagjalda í B flokki óbreytt eða 1,32%
- Álagning fasteignagjalda í C flokki **lækkar** úr 1,60% í 1,56%
- Tekjur samstæðu A og B hluta 1.522 milljónir króna
- Rekstrargjöld A og B hluta 1.310 milljónir króna
- Afskriftir A og B hluta 41,4 milljón króna
- Fjármagnsgjöld A og B hluta 1 milljón króna
- Rekstrarniðurstaða A og B hluta jákvæð um 170,2 milljónir króna
- Áætlað handbært fé frá rekstri A og B hluta eru um 124,6 milljónir króna
- Afborganir langtíma lána áætlaðar 10,8 milljónir króna
- Áætlaðar fjárfestingar í A hluta nema 406 milljónum og í B hluta 73,5 milljónum króna
- Áætluð viðhaldsþörf innan fasteigna sveitarfélagsins nema um 23 milljónir króna
- Ekki er gert ráð fyrir lántöku á árinu 2026

Að vinnu við fjárhagsáætlun komu, auk sveitarstjóra og sveitarstjórnar, stjórnendur deilda, bókarí og launafulltrúi ásamt nefndum sveitarfélagsins eins og við á og er þeim hér með þakkað fyrir sína vinnu við gerð áætlunarinnar.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun fyrir rekstrarárin 2026-2029.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

10. Fundargerðir

- a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 330, dags. 18.11.2025
- b) Umhverfis- og samgöngunefndar nr. 10, dags. 19.11.2025
- c) Aðalfundar SASS dags. 23.-24. október 2025
- d) Stjórnar byggðasamlags UTU nr. 129, dags. 13.10.2025, nr. 130, dags. 28.10.2025 og nr. 131, dags. 24.11.2025 ásamt gjaldskrá og fjárhagsáætlun UTU 2026
Varðandi lið 1 í fundargerð nr. 131 þá samþykkir Flóahreppur fyrirbyggjandi gjaldskrár UTU fyrir árið 2026.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Varðandi lið 2 í fundargerð nr. 131 þá samþykkir Flóahreppur framlagða fjárhagsáætlun UTU fyrir árið 2026.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- e) Stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum nr. 85, dags. 24.09.2025
- f) Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands nr. 339, dags. 13.11.2025
- g) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 989, dags. 14.11.2025
- h) Aðalfundar Sorpstöðvar Suðurlands 24.10.2025

11. Efni til kynningar

- a) Viljayfirlýsing um samstarf um söfnun, flutning og brennslu á dýrahæjum
- b) Umsögn Flóahrepps vegna framleiðsluaukningar Orkugerðarinnar dags. 19.11.2025
- c) Umsögn Umhverfis- og samgöngunefndar Flóahrepps vegna framleiðsluaukningar Orkugerðarinnar dags. 19.11.2025

- d) Umsögn Flóahrepps vegna aukinnar efnistöku í Súluholti og Súluholtshjáleigu dags. 21.11.2025
- e) Umsögn umhverfis- og samgöngunefndar vegna aukinnar efnistöku í Súluholti og Súluholtshjáleigu dags. 19.11.2025
- f) Frá Vegagerðinni - Samantekt á breytingum á leiðakerfi landsbyggðarvagna
- g) Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga – Söfnun fjárhagsáætlana sveitarfélaga 2026
- h) Frá Fjármála- og efnahagsráðuneytinu – Tilkynning um útsvar 2026
- i) Alheims átak gegn kynbundnu ofbeldi 25.11.2025-10.12.2025
- j) Frá Innviðaráðuneytinu – Markvissari árangur á sviði umhverfis- og loftslagsmála
- k) Frá Innviðaráðuneytinu – Opinber grunnþjónusta – Leiðbeiningar um mótun og framkvæmd stefna
- l) Sameinuð um Suðurland – Helstu niðurstöður Ársþings SASS 23.-24. október 2025
- m) Næsti fundur sveitarstjórnar verður 16. desember kl. 17:00.

12. Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarmálabók.

Árni Eiríksson (sign)

Sigrún Hrefna Arnardóttir (sign)

Hjalti Guðmundsson (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)

Harpa Magnúsdóttir (sign)